



Næstum því metafgangur af viðskiptum við útlönd

Á síðasta ári var 172 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd og jókst afgangurinn um 86 ma.kr. milli ára. Þetta er næstmesti afgangur Íslandssögunnar, en einungis á árinu 2016 mældist meiri afgangur.

Halli af vöruskiptajöfnuði var 99 ma.kr. á meðan afgangurinn af þjónustujöfnuði var 239 ma.kr. Alls var því 140 ma.kr. afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði.¹

Afgangur af þáttatekjujöfnuði reyndist vera 54 ma.kr. en hallinn af rekstrarframlögum var 22 ma.kr. Þetta skýrir að afgangur af viðskiptajöfnuði var 32 ma.kr. meiri en afgangurinn af vöru- og þjónustujöfnuði.

Sex ár af samfelldum afgangi


2019 var sjötta árið í röð sem afgangur mælist af viðskiptum við útlönd, en seinast mældist halli árið 2012. Alls nam afgangurinn þessi 6 ár 860 mö.kr. Til þess að setja þessa tölu í samhengi má geta þess að heildarútgjöld ríkisins til heilbrigðismála í ár eru áætluð um 250 ma.kr. Afgangurinn þessi sex ár er því rúmlega þrisvar sinnum meiri en útgjöld til heilbrigðismála á ári.

Á þessum tíma hefur hrein erlend staða þjóðarþúsins batnað um sem nemur 1.160 mö.kr. Seðlabankinn hefur einnig nýtt þennan afgang vel og byggt upp gjaldeyrisvaraforða sem var 680 ma.kr. í lok síðasta árs, eða nokkurn veginn sama upphæð og afgangurinn þessi sex ár.


86 ma.kr. meiri afgangur en 2018

Vöruútflutningur jókst um 39 ma.kr. milli ára. Munar þar miklu um 17,3 ma.kr. vegna sölu WOW air á fjórum þotum til Air Canada í janúar en WOW air fór í þrot í lok mars. Alls voru flugvélar og skip að verðmæti 27 ma.kr. flutt út á síðasta ári í samanburði við 3 ma.kr. 2018. Horft fram hjá skipum og flugvélum jókst vöruútflutningur um 14 ma.kr. milli ára.

Viðskiptajöfnuður



Breyting á viðskiptajöfnuði milli 2018 og 2019



¹ Sjá: <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2020-02-27-Thjonustujofnudur-Q4-2019.pdf>



Þjónustuútflutningur dróst einungis saman um 19 ma.kr. milli ára þrátt fyrir að annað af tveimur stærstu flugfélögum landsins fór í þrot snemma á árinu. Hér kemur meðal annars til að tekjur af innlendum hugverkaréttindum erlendis frá námu 28,6 mö.kr. á fjórða fjórðungi síðasta árs. Hagstofan sundurgreindir þennan lið ekki frekar og má rekja það til trúnaðar gagnvart þeim útflutningsaðilum sem í hlut eiga. Umtalsverðan hluta af þessum lið má líklegast rekja til tekna af innlendum lyfja- og rannsóknarleyfum.

Loks drógust frumþáttgjöld saman um 25 ma.kr., en þessi liður á að ná yfir vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og endurfjárfestun hagnaði af fjárfestingu erlendra aðila hér landi. Samdráttur skýrist aðallega af lægri arðgreiðslum og minni endurfjárfestingu hagnaðar af hlutafé í beinni erlendri fjárfestingu hér á landi.

Erlend staða þjóðarbúsins heldur áfram að batna


Samkvæmt mati Seðlabankans voru erlendar eignir þjóðarbúsins 3.900 ma.kr. og erlendar skuldir 3.233 ma.kr. í lok síðasta árs. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 667 ma.kr., eða 22,5% af VLF, og hefur hún aldrei mælst meiri.

Hrein staða þjóðarbúsins batnaði um 83 ma.kr. á 4. ársfjórðungi. Meðal annars lækkuðu erlendar skuldir um 77 ma.kr. í gegnum fjármagnsjöfnuð. Erlendar eignir jukust síðan um 63 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga.


Samt veiktist krónan

Seðlabankinn birti þessar tölur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins klukkan 9 í gær (mánudaginn 2. mars). Þá var verð á evru á millibankamarkaði um 139,55 krónur. Um hálf tíma síðar hóf krónan að veikjast og var í lok dags komin í um 142 krónur. Eða með öðrum orðum, þá veiktist krónan um 1,7% á móti evru sama dag og Seðlabankinn birti tölur um næst mesta afgang og bestu erlendu stöðu þjóðarbúsins nokkurn tíma í Íslandssögunni.

Erlend staða þjóðarbúsins



Breyting á hreinni erlendri stöðu á F4 2019





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.